



Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Selfoss, 11.06.2024
UST202402-089/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 27. febrúar 2024 - urðunarstaður Sorpu í Álfsnesi, ID nr. 11

Þann 27. febrúar sl. fór fram reglubundið fyrra eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla. Þann 7. mars sl. samþykkti Umhverfisstofnun úrbótaáætlun vegna fjögurra frávika er komu fram í eftirliti á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi þann 31. maí 2023. Þann 10. nóvember barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Eldri frávik vörðuðu:

Urðun á úrgangi úr olúskiljum, sem flokkast sem spilliefni, sbr. k. 13 05 í viðauka I við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Í úrbótaáætlun rekstraraðila tekur hann fram að vegna verklags við móttöku úrgangs á urðunarstað hafi ofangreindur úrgangur endað inn á urðunarstað, sem að öllu jöfnu ætti ekki að fara í urðun. Snúast úrbætur rekstraraðila vegna þessa frávíks, um að skýra betur verklag til að fyrirbyggja að slík atvik endurtaki sig. Umhverfisstofnun túlkar það sem svo að rekstraraðili hafni slíkum úrgangi til urðunar.

Vegna ábendinga sem borist hafa stofnuninni, er þörf á að óska eftir nánari upplýsingum frá urðunarstað um úrgang úr innihaldi á olúskiljum sem fellur undir lið 13 05 og undirliði í rgl. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Óskað er eftir upplýsingum um farveg þess innan höfuðborgarsvæðisins og hvort einhver skrásetning liggja fyrir um magn slíks úrgangs og ráðstöfun. Óskað er eftir upplýsingum hvort einhver formeðhöndlun fari fram á slíkum úrgangi áður en hann berst til urðunarstaðar? Hefur urðunarstaður tekið á móti eða hafnað slíkum úrgangi á rekstrarárinu?

Frávik frá gr. 3.3. í starfsleyfi, er varðar greinagerð um botn urðunarstaðar. Rekstraraðili skilaði inn fullnægjandi greinagerð um botn urðunarstaðar þann 21.nóvember 2023. Fráviki er lokið.

Frávik frá gr. 5.1 í starfsleyfi, er varðar ófullnægjandi skil á skráningum vegna ársins 2023. Fullnægjandi skráningum var skilað inn þann 21. Nóvember 2023. Fráviki er lokið.

Frávik frá grein 5.4 í starfsleyfi, og varðaði að senda eftirlitsaðla niðurstöður skráninga sbr.gr. 5.1 í starfsleyfi, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr., 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í úrbótaáætlun kom fram að rekstraraðili hugðist uppfæra verklag til þess að koma í veg fyrir sein skil á greinagerð um rekstur urðunarstaðar, og verði unnin samhliða grænu bókhaldi fyrirtækisins og skilað fyrir 1.maí ár hvert. Var rekstrarskýrslu urðunarstaðarins vegna ársins 2023 skilað þann 30.apríl síðastliðinn. Skráningar um úrgang og upplýsingar í gagnagátt liggja ekki fyrir eftirlitsaðila vegna vandamála varðandi gagnagáttina, verið er að vinna að lagfæringu þar á. **Fráviki er hér lokið.**

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Umhverfisstofnun bendir á að gefnu tilefni vegna fréttaumfjöllunar um eld í Álfsnesi þann 31. mars síðastliðinn að rekstraraðila ber að tilkynna mengunaróhöpp vegna mengunar, þ.m.t. vegna elda til eftirlitsaðila.
2. Gæta þarf samræmis á tölulegum gögnum varðandi úrgangsskráningar í gagnagátt Umhverfisstofnunar og því sem kemur fram í árskýrslu rekstraraðila. Í ársskýrslu má vísa til gagnagáttar Umhverfisstofnunar en skýr sundurliðun á úrgangsflokkum þarf að vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila þar sem greint er frá ráðstöfun allra úrgangsflokka til urðunar annars vegar og þess sem nýtt er til fyllingar hins vegar.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Árið 2022 var urðað umfram heimild í starfsleyfi. Heimild í gildi það ár voru 38.000 tonn til urðunar. Samkvæmt greinagerð rekstraraðila voru urðuð í Álfsnesi 67.473 tonn árið 2022.
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Árið 2023 var urðað umfram heimild í starfsleyfi. Heimild í gildi árið 2023 var 38.000 tonn til urðunar. Við eftirlit nú komu fram upplýsingar frá rekstraraðila að magn sem urðað var árið 2023, voru 53.847 tonn.
3. Gr. 5.3 í starfsleyfi og viðauka II í vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027. Varðandi efnasamsetningu grunnvatns. Í niðurstöðum frá mælingum ársins 2022 í borholu ÁN-12 kemur fram að styrkur á ammóníum mældist yfir

viðmiðunargildi þess. Viðmiðunargildið er 0,5 mg/L N. Árið 2022 mælist styrkur efnisins ammóníum $\text{NH}_4\text{-N} = 0,58 \text{ mg/l}$ ($0,74 \text{ mg/l NH}_4^+$).

4. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Í niðurstöðum frá mælingum á efnasamsetningu grunnvatns ársins 2020 í borholu ÁN-12 kemur fram að styrkur á ammóníum mældist yfir viðmiðunargildi þess. Viðmiðunargildið er 0,5 mg/L N. Árið 2020 mælist styrkur efnisins ammóníum $\text{NH}_4\text{-N} = 0,71 \text{ mg/l}$.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. júlí.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur